



FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

– BÓKNÁM OG STARFSNÁM

FÁ er skóli á framhaldsskólastigi sem býður upp á hefðbundið nám til stúdentsprófs á **félagsfræðabraut**, **hugvísindabraut**, **íþrótt- og heilbrigðisbraut**, **náttúrufræðibraut** og **viðskipta- og hagfræðibraut**.

Nýsköpunar- og listabraut er tveggja ára braut með möguleika á viðbótarnámi til stúdentsprófs að braut lokinni.

Heilbrigðisskólinn veitir fjölbreytta starfsmenntun og útskrifar sjúkraliða, tanntækna, heilbrigðisritara, heilsunuddara og lyfjatækna.

Sérnámsbraut skólans er fjögurra ára braut með fjölbreytt nám miðað að þörfum hvers og eins.



ÍPRÓTTA- OG HEILBRIGÐISBRAUT

Brautin er góður kostur fyrir íþróttafólk og aðra með áhuga á íþróttum og heilbrigði.

Meginmarkmið námsbrautarinnar eru að:

- Veita nemendum fjölbreytta menntun á sviði íþróttar-, þjálfunar- og heilbrigðisfræða
- Nemendur öðlist góðan grunn til að taka að sér aðstoðarþjálfarastörf hjá yngri flokkum íþróttafélaga og ýmsum félagasamtökum sem vinna að íþróttamálum
- Undirbúa nemendur fyrir frekara nám í íþróttakennslu- og heilbrigðisfræðum



NÝSKÖPUNAR- OG LISTABRAUT

Námslengd er tvö ár eða fjórar annir.

Um er að ræða tveggja ára braut sem er blanda list- og verknáms og bók- og starfsnáms með þeim möguleika að bæta við einu ári til stúdentsprófs. Námið er góður undirbúningur fyrir frekara listnám.

Meginmarkmið námsbrautarinnar eru að:

- Nemendur þekki aðferðir sköpunar og nýsköpunar til að leita lausna og þróa eigin hugmyndir
- Nemendur kunni verklag og grunnatriði sjónlista, svo sem í kvikmyndagerð, myndlist og tölvuleikjagerð
- Nemendur hafi innsýn í listir og menningu í samfélaginu og skilning á gildi lista í eigin lífi

HEFÐBUNDNAR BÓKNÁMSBRAUTIR

Félagsfræðabraut - Undirbýr nemendur fyrir nám í félagsvísindum og tengdum greinum.

Hugvísindabraut - Leggur grunn að námi í tungumálum, heimspeki og sagnfræði.

Náttúrufræðibraut - Veitir undirbúning fyrir nám í náttúruvísindum, heilbrigðis-, raun- og tæknigreinum.

Viðskipta- og hagfræðibraut - Býr nemendur undir nám í viðskiptagreinum, hagfræði og markaðsfræði.

FJARNÁM á haust-, vor- og sumarönn

Í boði er fjöldi áfanga á öllum brautum skólans og nemendur geta tekið frá einum áfanga á önn upp í fullt nám. Hægt er að vera í fjarnámi samhliða vinnu eða með öðru námi, allt frá efstu bekkjum grunnskóla og upp úr.

Nánar á www.fa.is



FÉLAGSLÍF

Félagslíf skólans er fjölbreytt og ört vaxandi. Má þar nefna árlega tónlistarkeppni, leiksýningu og kvikmyndahátíð. Aðrir viðburðir eru böll, þemapartí, spilakvöld, borðtennismót, ferðalög, spurningakeppnir og LAN-mót.

Í tónlistarherberginu fæðast hljómsveitir í hrönnum og halda reglulega skólatónleika. Þá starfa nemendur í ýmis konar hagsmunafélögum á borð við umhverfisráð, alþjóðaráð, hinseginfélag og fémínistafélag.



Eldhúsbréf
Paper Towels



Smokkar
Condoms



Eyrnapinnar
Cotton Swabs



Fita og olíur
Fat and Oil



Blautklútar
Wet Wipes



Tannþráður
Dental Floss



Dömubindi
Sanitary Napkins



Túrtappar
Tampons



Bleyjur
Diapers

Klósettið er EKKI ruslafata
The Toilet is **NOT** a Trash Can

www.veitur.is




VEITUR



Íslandsbanki

UPPBYGGILEGT KÆRULEYSI



ÞÚ FINNUR ÞESSA BÓK & MIKLU MEIRA Á WWW.PENNINN.IS

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáratind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is



HEILBRIGÐISSKÓLI FÁ

– NÁM TIL STARFSRÉTTINDA

Heilbrigðisskólinn er kjarnaskóli í heilbrigðisgreinum á framhaldsskólastigi og leggur áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt starfsnám á heilbrigðisviði sem er ávallt í takt við þarfir samfélagsins.

Nám í Heilbrigðisskólanum veitir fjölbreytt starfsréttindi innan og utan stofnana auk þess að undirbúa nemendur fyrir frekara nám í heilbrigðisgreinum.

Nám á flestum heilbrigðisbrautum er lánshæft hjá LÍN.



TANNTÆKNABRAUT

Námslengd er að jafnaði þrjú ár eða sex annir.

Nám tanntækna er viðurkennt 203ja eininga starfsnám með námslok á 3. hæfniprepi. Námið skiptist í almennar greinar, heilbrigðisgreinar og nám í sérgreinum brautar.

Meginmarkmið náms fyrir tanntækna eru að:

- Búa nemendur undir sérhæfð störf á tannlæknastofum
- Þjálfar nemendur í störfum er snúa að munn- og tannheilbrigði
- Rækta með nemendum fagleg vinnubrögð, áreiðanleika og yfirsýn
- Efla jákvæð samskipti og hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt

Starfsheiti tanntækna er lögverndað.



LYFJATÆKNABRAUT

Nám lyfjatækna er viðurkennt starfsnám með námslok á 3. hæfniprepi. Áhersla er lögð á að mennta einstaklinga til lyfjatæknistarfa af fagmennsku.

Meginmarkmið náms fyrir lyfjatækna eru að:

- Búa nemendur undir fjölbreytt störf lyfjatækna
- Þjálfar nemendur til þess að standast kröfur heilbrigðisþjónustunnar hverju sinni
- Stuðla að færni nemenda í að takast á við raunveruleg viðfangsefni
- Kenna nemendum á vinnuumhverfi þar sem fyrirmæli, verklýsing og vinnuáferðir liggja fyrir

Starfsheiti lyfjatækna er lögverndað.



PLT ehf. | Sóltún 20 | Sími: 578-7160
Netfang: plt@plt.is | www.plt.is





SJÚKRALIÐABRAUT

Námslengd er að jafnaði þrjú ár eða sex annir.

Sjúkraliðanám er 206 eininga nám með námslok á 3. hæfniprepi. Námið skiptist í almennar greinar, heilbrigðisgreinar og nám í sérgreinum sjúkraliðabrautar sem er bæði bóklegt og verklegt nám í skóla og starfsnám á heilbrigðisstofnunum.

Meginmarkmið náms fyrir sjúkraliða eru að:

- Búa nemendur undir krefjandi störf við hjúkrun, endurhæfingu og forvarnir bæði á heilbrigðisstofnunum og við heimahjúkrun
- Þjálfa fagleg vinnubrögð, samskiptafærni og siðferðisvitund nemenda
- Treysta skilning nemenda á mikilvægi samvinnu í heilbrigðisþjónustu

Sjúkraliðanám er góður grunnur fyrir frekara nám í heilbrigðisgreinum. Að lokinni brautskráningu sækir nemandi um löggildingu starfsheitis til Embættis landlæknis og öðlast þá réttindi til þess að starfa sem sjúkraliði á Íslandi. Sjúkraliðanám veittir jafnframt réttindi til starfa í mörgum löndum utan Íslands.

Starfsheiti sjúkraliða er lögverndað.



HEILBRIGÐISRITARABRAUT

Námslengd er að jafnaði fimm annir með starfsnámi.

Heilbrigðisritaranám er 120 eininga starfsnám með námslok á 2. hæfniprepi. Það skiptist í almennar greinar, heilbrigðisgreinar, sérgreinar brautar og vinnustaðanám. Ritarastörf í heilbrigðisþjónustu eru fjölbreytt og hafa að mestu leyti þróast á vettvangi í takt við þarfir stofnana.

Meginmarkmið náms fyrir heilbrigðisritara er að:

- Búa nemendur undir ritarastörf og þjálfa þá í störfum á mismunandi stofnunum og fyrirtækjum í heilbrigðisþjónustu



RÆSTIVÖRUR
UMHVERFISVOTTAD HREINLÆTI

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík - raestivorur@raestivorur.is - Sími: 520 7700

KRÚSKA

YNDISLEGUR OG
HEILSUSAMLEGUR MATUR!



WWW.KRUSKA.IS • SUÐURLANDSBRAUT 12 • 108 REYKJAVÍK • S. 557 5880

HEILSUNUDDBRAUT

Námslengd er þrjú og hálf ár með starfsnámi hafi nemandi ekki lokið neinum framhaldsskólaeiningum fyrir.

Starfsvettvangur heilsunuddara er fjölbreyttur og tekur nám og kennsla mið af því. Sá sem lýkur námi á námsbrautinni hlýtur starfsheitið heilsunuddari og hefur, skv. reglum Félags íslenskra heilsunuddara (FÍHN), rétt til að setja á stofn og starfrækja nuddstofu.

Meginmarkmið náms fyrir heilsunuddara eru að:

- Gera nemendur hæfa og þjálfá þá verklegu færni sem er grunnur starfsins
- Þjálfá nemendur í að öðlast heildræna yfirsýn fyrir einstaklingsmiðaða meðferð
- Þjálfá nemendur í réttri líkamsbeitingu sem er mikilvæg í starfi heilsunuddara
- Hjálpa nemendum að skilja starfsemi mannlíkama og huga til að geta meðhöndlað einstaklinga á markvissan hátt.

Þegar nemendur útskrifast af brautinni fá þeir í hendur starfsmenntaskírteini samhliða prófskírteini sem þeir geta haft uppi á starfsstöð sinni til staðfestingar á því að þeir hafi lokið námi á heilsunuddbraut.



VIÐBÓTARNÁM TIL STÚDENTSPRÓFS

Nemendur sem lokið hafa starfsmenntun geta nú lokið viðbótarnámi til stúdentsprófs. Til að útskrifast með stúdentspróf þarf starfsnámi og tilheyrandi starfsþjálfun að vera lokið eða ljúka samtímis viðbótarnáminu.

Viðbótarnám veitir ekki aðgang að öllu námi á háskólastigi og eru nemendur því hvattir til þess að kynna sér undirbúningskröfur viðtökuskóla hyggi þeir á háskólanám.

Stoltur samstarfsaðili FÁ
Svansvottuð ræstingapjónusta

iCLEAN

Sími 534-9100
iclean@iclean.is - www.iclean.is

